

Áætlun um óásættanlega hegðun og viðbrögð við henni

Í Uppbyggingarstefnunni sem leikskólinn vinnur eftir er gengið út frá því að einstaklingur læri að fullnægja þörfum sínum án þess að ganga yfir þarfir annarra – það er ekki í boði. Til þess að stuðla að þessum aðstæðum fyrir börn þurfa að vera skýr mörk um hvað má og hvað má alls ekki gera. Að fara yfir þessi mörk er ekki í boði, ef það er gert eru fyrir fram ákveðin viðbrögð hvernig eigi að bregðast við því.

Í skólalastarfinu er áhersla á skýrar reglur um það hvað er óásættanleg hegðun, skýrar reglur eru mikilvægar til að einstaklingar megi upplifa öryggi og traust. Börnum eru sköpuð tækifæri til að læra af mistökum sínum og þeim hjálpað og kennt að finna leiðir til að bæta hegðun sína og þá um leið að byggja upp sjálfstraust sitt.

Óásættanleg hegðun í Álfaborg:

Líkamleg: barsmíðar, sparka, hrinda, bíta, klípa, klóra, einkasvæði o.fl.

Munnleg: ljótt orðbragð, uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni, ógn o.fl.

Óbein: baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi, skemmdarverk o.fl.

Viðbrögð við óásættanlegri hegðun:

Viðvörðun:

Fer ekki eftir fyrirmælum eða gerir eitthvað af sér:

- Gefa nemanda þrjú tækifæri
- Ef það virkar ekki, starfsmaður fer með nemanda úr aðstæðum.
- Starfsmaður og nemandi tala saman og finna lausn á málinu.
- Ef ekki finnst lausn á málinu skal leyfa nemanda að tala við annan starfsmann eða deildarstjóra.
- Passa að gefa nemanda tækifæri til þess að jafna sig.

Tekin strax úr aðstæðum:

Beitir ofbeldi, ógnar eða skemmir:

- Nemandi er strax tekinn úr aðstæðum með starfsmanni.
- Starfsmaður og nemandi tala saman og finna lausn á málinu.
- Eftir það er nemanda hjálpað að biðjast afsökunar, hvort sem það er með því að segja fyrirgefðu, gefa knús eða á annan hátt sem hentar.

- Passa að gefa nemanda tækifæri til þess að jafna sig.

“Hvað getum við gert til þess að hjálpa honum/henni/háni að líða betur?”

Nota orðið stopp, gera stopp líka með hendinni – úr Blær

Farið yfir öryggismörk - úrræði

Þegar viðbrögð við óásættanlegri hegðun hafa ítrekað ekki borið árangur og farið hefur verið yfir öryggismörk þá þarf að fá foreldra með í lið. Leikskólastjóri metur í samráði við deildarstjóra hvenær þetta úrræði verður notað. Foreldrar eru látnir vita að þetta úrræði verði notað og látnir vita ef þurft hefur að beita því samdægurs.

Viðbrögð:

1. Þegar einstaklingur beitir ítrekað ofbeldi þá er honum sýnt rautt spjald og fer með starfsmanni úr aðstæðum, rautt spjald hefur þann kost að vera sýnilegt. Deildar- eða leikskólastjóri er tilkynnt um málið.
2. Við þriðja rauða spjaldið hefur deildar- eða leikskólastjóri samband við foreldra og í samráði við þá er ákveðið hvort verði fundur í lok dags eða viðkomandi fari heim.
3. Þegar um ofbeldi er að ræða lætur deildar- eða leikskólastjóri foreldra þolanda vita.
4. Nauðsynlegt er að fara í uppbyggilegt spjall eftir á, hvatningu um að gera betur og sýna trú á viðkomandi.
5. Finnist ekki viðunandi lausn innan skólans er leitað eftir aðstoð frá fræðsluviði.